

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Matorka ehf Fellsmúla



Dags eftirlits	17.4.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Matorka ehf	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Fellsmúli	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500412-0540	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhanna Hlökkversdóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Anna Lilja Benediktsdóttir	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu, losun fosfórs árið 2021 var umfram heimild í starfsleyfi. Ein ábending var gerð, rekstraraðila er bent á að huga að nákvæmni mælinga, sér í lagi mælinga á svifögnum. Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Matorku ehf. í Fellsmúla.

Samkvæmt starfsleyfi Matorku ehf. Fellsmúla má framleiðsla í stöðinni á ári og lífmassi á hverjum tíma ekki vera meiri en 350 tonn af laxfiskum. Seiðaeldi árið 2021 var 31,9 tonn.

Öll ker í stöðinni eru innandyra. Olíutankur er fyrir varaafstöð og eru árekstrarvarnir í lagi.

Frárennsli frá stöðinni fer í gegnum steyppta settjörn og rennur svo í Minnivallalæk sem rennur að lokum í Þjórsá.

Rangárþing-ytra sér um að hirða almennan úrgang frá stöðinni en lífrænum úrgangi er skilað til Sorpstöðvar Rangárvallasýslu á Strönd.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi (m.a. útreikningar á losun næringarefna)
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
- Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
- Kynning á nýrri gjaldskrá UST
- Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits
- Önnur mál
- Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti  
Ársyfirliti og Grænu bókhaldi fyrir árið 2021 var skilað á tilskildum tíma.

2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi (m.a. útreikningar á losun næringarefna)  
Losun fosfórs árið 2021 var skv. útreikningum Umhverfisstofnunar, 10,9 kg fyrir hvert framleitt tonn sem er frávik frá starfsleyfi þar sem losunin má skv. starfsleyfi vera mest 7 kg á hvert framleitt tonn.

Losun níturs árið 2021 var skv. útreikningum Umhverfisstofnunar, 58,6 kg á hvert framleitt tonn en hún má vera 60 kg á hvert framleitt tonn.

Farið var yfir útreikninga vegna ársins 2022, en þar sem eftirlitið fór fram í apríl var frestur til að skila þeim, ekki liðinn. Mælingar á svifögnum og TOC eða COD hafa borist Umhverfisstofnun eins og krafa er um í starfsleyfi. Mælingar voru innan marka starfsleyfis en rekstraraðila er bent á að huga að nákvæmni mælinganna.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða  
Smávægilegar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti, en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

4. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta  
Kynnt var nýleg heimilid Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta skv. 67. gr. laga nr. 7/1998.

5. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg  
Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur

eða grunur er um mengun. Ekki er talin vera nein mengun í jarðvegi á starfsvæði Matorku, Fellsmúla.

6. Kynning á nýrri gjaldskrá UST

Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

7. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits

Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsókna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar. Farið var yfir tengiliðaupplýsingar rekstraraðila.

8. Önnur mál

Umhverfismarkmið rekstraraðila skal endurskoða á fjögurra ára fresti. Umhverfismarkmið Matorku eru í endurskoðun og verður þeim skilað til Umhverfisstofnunar þegar þeirri vinnu lýkur.

9. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Lóð er snyrtileg og vel frá öllu gengið. Engar athugasemdir eru gerðar þar um.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 2.4 í starfsleyfi	Losun fosfórs frá stöðinni var árið 2021 umfram heimiluð mörk í starfsleyfi.




## ÁBENDINGAR

Styrkur svifagna má skv. starfsleyfi að hámarki aukast um 2 mg/l í viðtaka við það að frárennsli rennur í hann. Niðurstöður mælinga hafa sýnt að styrkukningin er rétt innan marka. Í ljósi þess að nákvæmni mælinganna er takmörkuð er rekstraraðila bent á að leita leiða til að auka nákvæmni mælinganna.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.05.2023

  
Freyr Evarsson

